



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um bætta lýðheilsu Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttahreyfing ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hóteli, hvetur ríki og sveitarfélög til að skilgreina hlutverk íþróttahreyfingarinnar í regluverki um lýðheilsu og tryggja fjárhagslegan stuðning við verkefni því tengdu.

Greinargerð:

Íþróttahreyfingin á Íslandi er í lykil aðstöðu til að gegna stóru hlutverki við eflingu lýðheilsu á Íslandi. Íþróttastarf er virkt um allt land og með efldu samstarfi og samtali við sveitarfélögin í landinu í kjölfar opnunar svæðisstöðva á átta landssvæðum á síðasta ári hefur verið settur enn meiri kraftur í að efla faglegt íþróttastarf um land allt. Hreyfingin hefur alla burði til að gagnast hinu opinbera frábærlega í eflingu lýðheilsu en þar sem starfsemin er borin upp af sjálfbærleiki þá þarf að leggja henni til fé til góðra verka. Bætt lýðheilsa sparar þjóðarbúinu gríðarlegt fjármagn og hreyfing er besta forvörnin, bæði líkamlega og andlega.

Íþróttahreyfingin hefur á síðustu árum og áratugum sett metnað sinn í að byggja upp starf sitt af fagmennsku og sífellt aukið áherslu á menntun þjálfara og leiðbeinenda. Íþróttahreyfingin er hreyfing á landsvísi, ekkert sveitarfélag er án íþróttafélags og innan hennar starfa einstaklingar sem eru sérfræðingar í hreyfingu.

Barna- og ungmennastarfið á landinu er firna sterkt og aukinn kraftur hefur verið lagður í það síðastliðin ár að bjóða upp á hreyfingu innan íþróttahreyfingarinnar, fyrir almenning sem náð hefur fullorðins aldri. Eins má nefna aukna áherslu á hreyfingu eldri borgara um land allt. Má þar til dæmis nefna átakið Bjartan lífsstíl þar sem ÍSÍ og Landssamband eldri borgara hafa leitt saman hesta sína í samstarfi við sveitarfélög á landinu og eins ýmis skemmtileg hreyfitilboð fyrir fullorðna sem íþróttafélögin í landinu hafa staðið fyrir og heppnast sérstaklega vel. Um 13% aukning varð í almenningส์íþróttatáttinu Lífshlaupið í ár, í samanburði við árið þar á undan og var aukningin ekki síst í eldri aldursflokki áttaksins.

Íþróttahreyfingin er í stakk búin til að taka að sér stærra hlutverk í eflingu lýðheilsu og hvetur opinbera aðila til að líta til hreyfingarinnar við eflingu lýðheilsu í landinu.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar